



STE-Loftlagsstefna FSRE

Áherslur

Framkvæmdasýsla Ríkiseignir (FSRE) leggur áherslu á að umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið endurspeglast í allri starfsemi stofnunarinnar og að lágmarka markvisst neikvæð umhverfisáhrif og losun gróðurhúsalofttegunda vegna hennar. FSRE hefur sett sér skilvirka loftslagsstefnu sem fylgja skýr mælanleg markmið og aðgerðaráætlun. FSRE vinnur stöðugt að umbótum á stefnunni og markmiðum samhliða framþróun í umhverfismálum. FSRE stefnir jafnframt á að vera leiðandi í loftslagsmálum og vistvænum framkvæmdum með því að virkja bæði starfsfólk og samstarfsaðila í aðgerðum sem sporna gegn loftslagsbreytingum. Með þessu sýnir FSRE samfélagsábyrgð í verki og hefur bein áhrif á loftslagskuldbindingar Íslands.

Yfirmarkmið

FSRE mun draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri um samtals 55% miðað við árið 2022 fyrir 2030 eða að jafnaði 9% árlega. FSRE mun kolefnisjafna reksturinn frá árinu 2023.

Umfang

Loftslagsstefna FSRE fjallar fyrst og fremst um þá losun gróðurhúsalofttegunda sem hlýst af innri starfsemi stofnunarinnar (rekstur skrifstofu, mannauðs og samgangna) og markmið um samdrátt losunar á eftirfarandi þáttum:

Samgöngur

Losun GHG vegna:

- aksturs bifreiða í eigu FSRE.
- aksturs starfsmanna á leigubílum innanlands.
- aksturs starfsmanna á bílaleigubílum innanlands.
- aksturs starfsmanna á einkabílum í starfstengdum erindum innanlands.
- flugferða starfsmanna innanlands.
- flugferða starfsmanna erlendis.
- ferða starfsfólks til og frá vinnu.

Orkunotkun

- Rafmagnsnotkun á skrifstofu FSRE.
- Heita vatnsnotkun á skrifstofu FSRE.

Úrgangur

- Losun GHG vegna lífræns úrgangs sem fellur til á skrifstofu FSRE.
- Losun GHG vegna blandaðs úrgangs sem fellur til á skrifstofu FSRE.
- Heildarmagn úrgangs sem fellur til á skrifstofu FSRE.
- Magn útprentaðs skrifstofupappírs á skrifstofu FSRE.
- Magn plasts/málma sem falla til á skrifstofu FSRE.
- Endurvinnsluhlutfall á skrifstofu FSRE.



Innkaup

- Hlutfall umhverfsvottaðs skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir.
- Hlutfall umhverfsvottaðrar prentþjónustu sem stofnunin kaupir.
- Magn hreinlætisvara sem stofnunin kaupir sjálf.
- Hlutfall umhverfsvottaðra hreinlætisvara sem stofnunin kaupir sjálf.
- Hlutfall umhverfsvottaðrar ræstipjónustu.

Gildissvið

Loftslagsstefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri FSRE og varðar alla starfsmenn stofnunarinnar. FSRE hefur eina starfsstöð í Borgartúni 26 í Reykjavík en starfsmenn sinna verkefnum um allt land. Stefnan nær annars vegar til þátta sem hafa bein og mælanleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og hins vegar til þátta sem leiða óbeint til samdráttar losunar og annarra neikvæðra umhverfisáhrifa. Þessi stefna nær ekki til umhverfisáhrifa sem hljótast af verkefnum á vegum stofnunarinnar.

Eftirfylgni

Umhverfisráð FSRE mun sjá til þess að markmið loftslagsstefnunnar séu rýnd árlega og endurmeta hvort þau séu raunhæf, metnaðarfull og í takti við framþróun og nýjungar í loftslagsmálum. Forstjóri FSRE ber ábyrgð á að starfsemi stofnunarinnar samræmist loftslagsstefnunni. Umhverfisráð stofnunarinnar mun rýna Grænt bókhald og þróun heildarlosunar stofnunarinnar og í kjölfarið endurmeta hvort ráðast þurfi í harðari aðgerðir þannig að markmið stofnunarinnar sé náð. Stefnan verður samþykkt af forstjóra FSRE ár hvert og upplýsingum um árangur aðgerða verður miðlað á heimasíðu FSRE.

Loftslagsstefnan verður rýnd fyrir 1. maí ár hvert frá og með árinu 2023 til ársins 2030.

Tenging við núverandi skuldbindingar

Loftslagsstefnan tekur mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 (miðað við árið 1990), ásamt opinberu markmiði þeirra um kolefnishlutleysi árið 2040. Loftslagsstefnan tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, með áherslu á markmið númer 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum. Stefnan tekur einnig mið af skuldbindingum FSRE samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um loftslagsstefnur opinberra aðila og Grænum skrefum.

Kolefnisjöfnun

FSRE mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri. Eftirstandandi losun starfseminnar sem ekki verður dregin frekar saman mun stofnunin kolefnisjafna með kaupum á vottuðum kolefniseiningum. Það mun stofnunin gera frá og með árinu 2023 til 2030.